

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Geldingsár.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 17. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundahúsasvæði í landi Geldingsár, dags. 27. nóvember 1996.

Breytingin felst í stækkun á frístundahúsasvæðinu til suðurs, um níu frístundahúsalóðir. Þá er bætt við einni frístundahúsalóð austast á umrætt svæði.

Heildarstækkun svæðisins er u.þ.b. 4 ha. Við breytinguna fjölgar frístundahúsalóðum úr 14 í 24.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 27. nóvember 1996.

*F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 27. september 2001.*

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.